

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson

Reykjavík, 20. september 2024

Tilvísun:202409056 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytt aðalskipulag og breytingu á deiliskipulagi vegna breyttrar aðkomu að íbúðarbyggð við Gaddstaðir, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 18. september 2024 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 30. ágúst 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að breyttu deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að fella út núverandi tengingu gegnum Aldamótaskóg (SL28) og gera grein fyrir nýrri vegtenging við Suðurlandsveg frá þéttbýlinu að íbúðarbyggð ÍB29 og frístundabyggð F63. Eftir atvikum verður landnotkun breytt á ákveðnum lóðum/svæðum úr frístundabyggð í íbúðarbyggð.

Samhliða verður unnin breyting á deiliskipulagi Gaddstaða þar sem m.a skipulagsmörk breytast til samræmis við breytta aðkomu, ásamt lóðamörkum einstakra lóða.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar og minnir á eftirfarandi atriði:

Stafrænt aðalskipulag

- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Stafræn afmörkun deiliskipulags

- Minnt er á að þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram í Skipulagsgátt til athugunar eftir auglýsingu þarf að fylgja afmörkun deiliskipulagsins á stafrænu formi ef við á, fyrir birtingu í Skipulagsvefsjá.

Berglind Sigurðardóttir



Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign